

þess að véfengja kærða, að hann hafi talið sig vera fyrir utan landhelgislinuna eftir þeim miðunum, sem han tók með kompásnum. Slíkt getur alls ekki komið til greina gegn hinum nákvæmu mælingum varðsþipsins.

Ekki getur það heldur komið til greina kærða til sýknunar, sem hann heldur fram, að varpa sín hafi verið fyrir utan landhelgislinuna, enda þótt skipið væri fyrir innan, þegar það var stöðvað.

Bæði var það, að skip kærða var nær landi með vörpu í sjó áður en það var stöðvað, og svo verður að telja það nægilegt, að skipið sjálft sé á landhelgissvæðinu þegar það er að toga, til þess að það álitist að vera að toga í landhelgi.

Samkvæmt framangreindu verður að telja, að kærði hafi gjört sig með framangreindu brotlegan gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, og þykir refsing hans með tilliti til þess, að um fyrsta brot hans er að ræða á þessum lögum og með hliðsjón af, að dagsgengi krónunnar er kr. 0,8165 úr gullkrónu, hæfilega ákveðin 12500 kr. sekt, er greiðist innan fjöggra vikna, og rennur í Landhelgissjóð Íslands. En fáist hún ekki greidd ber kærða að afplána hana með sjö mánaða einföldu fangelsi.

Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Miðvikudaginn 15. jan. 1930.

Nr. 17/1929. **Bjarni Þ. Johnson, f. h. Federico Heredia** (Bjarni Þ. Johnson)

gegn

h/f. Karl Þorsteins & Co. (Enginn).

Skaðabætur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. des. 1928: Stefnd, stjórn h/f. Karl Þorsteins & Co., þeir: Karl Þorsteins, Skúli Jónsson og Bjarni Pétursson, greiði, fyrir hönd félagsins, stefnandanum, Bjarna Þ. Johnson hrm., f. h. Federico

Heredia, kr. 20045.75 með 6 % ársvöxtum frá 25. nóv. 1927 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað, innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu var áfrýjað af hálfu beggja aðilja til hæstaréttar og létu báðir mæta, er það kom fyrir réttinn í maimánuði f. á. Var því þá eftir ósk þeirra frestað til síðastliðins októbermánaðar.

En er málið þá skyldi flutt, mætti enginn af hálfu aðaláfrýjanda og féll því aðalsökin niður, en gagnsökin hefir ein út af fyrir sig verið rekin skriflega samkv. 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmd samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Gagnáfrýjandi hefir krafizt þess, að upphæð skaðabóta þeirra, er héraðsdómarinn hefir dæmt honum, verði hækkuð úr kr. 20045.75 upp í kr. 38499.46 eða til vara upp í kr. 34221,75 með 6 % vöxtum frá sáttakærudegi, og að honum auk málskostnaðar í héraði, verði dæmdur málskostnaður í hæstarétti.

Þessa kröfu sína rökstyður gagnáfrýjandi sumpart með því, að skaðabæturnar eigi að miða við 180 smálesta vörumagn í stað 160 smálesta, svo sem héraðsdómarinn hefir gjört, og sumpart með því, að hann auk verðmismunar þess, er héraðsdómarinn hefir dæmt honum, hafi mist af kaupmannshagnaði, er nemi 4 sh. fyrir hver 50 kg. af fiskinum.

Viðvikjandi fyrri atriðinu er svo ákveðið í fisksölu-samningnum 27. sept. 1927, að gagnstefndi skyldi afhenda 160—200 smalestir af saltfiski og þar sem ekkert í samningnum bendir til þess, að þetta svigrúm í vörumagninu hafi verið ætlað gagnáfrýjanda til hagsmuna, þá var gagnstefnda samkv. 66. gr. laga nr. 39, 19. júní 1922 um lausafjárkaup, ekki skylt að

afhenda meira en 160 smálestir, og verður því að fallast á, að héraðsdómarinn hefir miðað skaðabæturnar við það vörumagn. Og að því, er snertir kröfu gagnáfrýjanda um skaðabætur fyrir kaupmannshagnað, er hann hafi mist vegna samningsrofanna, þá er það upplýst, að hann keypti fisk í staðinn fyrir fisk þann, er gagnstefndi átti að láta af hendi, og þar sem gagnáfrýjandi hefir ekki sannað, að hann hafi beðið annað eða meira tjón af samningsrofunum en sem nemur mismuninum milli þess verðs, sem samið var um og þess verðs, er hann gaf fyrir fisk þann, sem hann keypti í skarðið, þá á hann samkv. 25. gr. nefndra laga um lausafjárkaup ekki kröfu til hærri skaðabóta en nemur þessum verðmismun, er héraðsdómarinn hefir réttilega ákveðið kr. 20045.75.

Það ber því með skirskotun að öðru leyti til forsenda bæjarþingsdómsins að staðfesta hann, og á málskostnaður í hæstarétti að falla niður, þar sem ekki hefir verið mætt af hálfu gagnstefnda.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdóminum skal óraskað.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er, eftir árangurslausa sáttumleitan, höfðað fyrir bæjarþinginu, með stefnu, útgefinni 11. jan. s.l., af Bjarna Þ. Johnson hrm., f. h. Federico Heredia, fiskikaupmanns í Barcelona á Spáni, gegn stjórn h/f. Karl Þorsteins & Co. hér í bænum, þeim: Karli Þorsteins, Vallarstræti 4, Skúla Jónssyni, Vesturgötu 5 og Bjarna Péturssyni, öllum hér í bænum, f. h. nefnds hlutafélags til greiðslu skaðabóta fyrir samningsrofi, að

upphæð kr. 45000.00, með 6 % ársvöxtum frá sáttakærudegi 25. nóv. 1927, til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Tildrög málsins tjáir stefnandi þau, að með samningi, dags. 27. sept. 1927 hafi firmað Harrington & White í Lundúnum, sem umboðsmenn stefnds hlutafélags, selt umbjóðanda sínum fyrir milligöngu J. B. Ohlsens í Barcelona, 160—200 smalestir af austurstrandar, fullþurkuðum, islenzkum stórporski, veiddum og verkuðum 1927. Stærðin skyldi vera sú, að ekki færu yfir 100 fiskar í skippundið. Verðið kveður hann hafa verið ákveðið 36/6 — þrjátíu og sex shillings og sex pence — fyrir hver 50 kg. af I. fl. og 33/6 — þrjátíu og þrjá shillings og sex pence — fyrir hver 50 kg. af II. fl. fiski, cif Barcelona og Tarragona. Hámark af II. fl. fiski skyldi ekki nema meiru en 25 % af allri sendingunni. Afhending fiskjarins hafi átt að fara fram eftir vali seljanda á Norðfirði, Eskifirði, Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði. Afskipun (ferming) hafi verið ákveðin með gufuskipi í lok október eða snemma í nóvember 1927 og skyldi kaupandi afla staðfestrar bankatryggingar (rembours) í banka í Lundúnum fyrir greiðslu fiskjarins í þágu Harrington & White, áður en ferming byrjaði.

Samkvæmt samningi þessum kveður stefnandi umbjóðanda sinn hafa opnað »rembours« í banka í Lundúnum 27. okt. 1927, en smá misstillningur hafi átt sér stað frá bankans hendi við opnun tryggingarinnar, en þessari misfelli hafi verið kippt í lag áður en skipið, er átti að taka umræddan fisk, byrjaði að ferma og auk þess hafi hann framlengt afskipunarfrestinn um einn mánuð og gildi bankatryggingarinnar um sama tíma, vegna þess að skipinu hafi seinkað.

Kveður stefnandi, að þrátt fyrir það, þótt umbjóðandi hans hafi uppfyllt allt, sem honum bar samkvæmt fyrnefndum samningi, hafi stefnt hlutafélag rofið samninginn algjörlega að ástæðulausu og með því bakað firmanu stórtjón, og með því að fiskur hafi hækkað mjög í verði frá því að samningurinn var gjörður 27. sept., og hafi af þeim ástæðum ekki verið nokkur tók að fá keyptan fisk í staðinn nálægt því svo lágu verði og ákveðið var í samningnum.

Undir rekstri málsins hefir stefnandi fallið frá að gjöra frekari skaðabótakröfur en þær, að stefnt félag verði, *ad allega*, dæmt til þess að greiða umbjóðanda hans mismuninn milli þess verðs, sem hann í raun og veru hafi orðið að greiða fyrir fisk þann, er hann hafi keypt handa viðskiftamönnum

sinum vegna samningsrofanna, og umsamins kaupverðs, að viðbættum venjulegum kaupmannshagnaði, er hann telur hafa verið 4 sh. af hverjum 50 kg., og séu skaðabæturnar miðaðar við, að félagið hefði afhent 180 smálestir, þar sem sá þungi sé meðaltalið af þeim minnsta og mesta þunga, sem félaginu bar að skila.

Til vara hefir stefnandi krafizt þess, að skaðabæturnar verði miðaðar við þann minnsta þunga, er stefndu félagi bar að skila, eða 160 smálestir.

Stefnandi hefir upplýst í málinu, að umbjóðandi hans hafi með samningi, dagsettum 31. dez. 1927, keypt fisk af H/f. Copland hér í bænum, fyrir 135 sh. skpd. af I. fl. fiski og 125 sh. skpd. af II. fl. og haldið því fram, og það hefir ekki verið véfengt, að sá fiskur sé keyptur beinlínis vegna samningsrofanna, og hefir hann lagt verð á honum til grundvallar við útreikning skaðabótanna á þann hátt, sem eftirfarandi útreikningur sýnir:

Aðalkrafan:

1. Fiskverð samkvæmt samningnum við H/f. Copland, 135 smál. I. fl. á 135 sh. pr. skpd. = £ 42-3-9 pr. smál. = £ 5695- 6-3.
45 smál. II. fl. á 125 sh. pr. skpd. = £ 39-1-3 pr.

smál. = £ 1757-16-3

Samtals £ 7453- 2-6

2. Verð samkv. samn. 27. sept.

135 smál. I. fl. á 36/6 pr. 50 kg. = £ 36-10-0 pr.

smál. = £ 4927-10-0

45 smál. II. fl. á 33/6 pr. 50 kg. = £ 33-10-0 pr.

smál. = £ 1507-10-0

Samtals £ 6435- 0-0.

Mismunur vegna verðhækkunar £ 1018- 2-6.

Við bætist 4 sh. kaupmannshagnaður pr. 50 kg. £ 720- 0-0

Samtals £ 1738- 2-6,

og nemur sú upphæð með 22.15 gengi isl. kr. 38499.46.

Varakröfuna, er miðuð er við 160 smálestir, en sama verðlag og aðalkrafan, hefir stefnandi fengið út með því að lækka aðalkröfuna um $\frac{1}{9}$ og nemur varakrafan því isl. kr. 34221.75.

Stefndir hafa fyrir hönd hlutafélagsins mótmælt kröfum stefnanda og krafizt sýknu af þeim og málskostnaðar hjá honum að skaðlausu með kr. 1450.00.

Stefndir hafa viðurkennt það, að firmað Harrington & White hafi haft heimild til þess að gjöra fisksölusamning þann fyrir félagsins hönd, er áður greinir, að því undanskildu, að það hafi ekki haft heimild til að setja í samninginn ákvæðið um afskipunina (ferminguna) »or early November«, en þar sem þeir hafa ekki rökstutt þessi mótmæli sín með öðru en því, að benda á, að ákvæði þetta er sett ofan línu í samningseintaki, er þeir hafa lagt fram, og að í bréfi, er firmað hafi skrifað félaginu samdægurs og samningurinn var gjörður, sé ekki minnst á það, heldur sé þar talað um »shipment about the end of October«, þá verður ekki hægt að taka tillit til þessara mótmæla, enda »refererar« bréf þetta samninginn alls ekki greinilega, heldur drepur á einstöku atriði hans, og getur þess, að samningurinn fylgi, svo að sennilegt þykir, að félagið hafi þegar í stað fengið vitneskju um ákvæði þetta, en ekki verður séð, að athugasemdir hafi verið gjörðar við það fyr en nú.

Ennfremur hafa stefndir haldið því fram, að umbjóðandi stefnanda hafi verið með ýmiskonar óbilgjarnar kröfur um það, að ýms ákvæði yrðu tekin upp í samninginn, sem enga stoð hafi haft í honum, eftir að hann hafi verið fullgjörður, en þær staðhæfingar hafa þeir ekki rökstutt á nokkurn hátt og verður því ekkert upp úr þeim lagt.

En aðallega byggja stefndir sýknukröfuna á því, að bankatryggingin hafi verið í ólagi, með því að í henni hafi verið gjört að skilyrði, að fisksendingin færi með ákveðnu skipi, og skipið skyldi lagt af stað frá Íslandi ekki síðar en 15. nóv. (»shipment steamer »Spero« which must leave Iceland during first 15 days November«).

Bæði þessi skilyrði telja stefndir algjörlega óréttmæt, samkvæmt fyrgreindum samningi, og hafi þau gefið þeim fulla ástæðu til að rifta, þar sem annað þeirra hafi alls ekki verið leiðrétt (skilyrðið um tiltekið skip) og hitt ekki fyr en um seinan (ákvæðið um burtfarardag), og komi því ekki til mála, að félagið sé skaðabótaskyldt gegn umbjóðanda stefnanda.

Stefnandi hefir nú lagt fram afrit af símskeyti frá umboðsmönnum stefnds félags í Lundúnum, firmanu H. & W., til milligöngumanns þess í Barcelona við Heredia, dags. 25. okt. 1927, þar sem það tilkynnir, að byrjað muni verða að ferma fisk Heredia einhvern tíma snemma í nóvember í e/s. »Spero« og æskir þess jafnframt, að bankatryggingin verði opnuð.

Rétturinn verður nú að álíta, að þar sem umboðsmenn

stefndu tilkynna, að ákveðið skip verði notað, sé það eðlilegt, að það skip sé tilgreint þegar bankatryggingin er opnuð og virðist því ekki hægt að gefa umbjóðanda stefnanda sök á því atriði, enda sést ekki, að athugasemdir hafi verið gjörðar um það í afritum af simskeytum, er fram hafa farið milli aðiljanna út af bankatryggingunni og fram hafa verið lögð.

Ennfremur hefir stefnandi lagt fram afrit af bréfi frá umbjóðanda hans til banka í Barcelona, þar sem hann biður bankann um að opna bankatryggingu í Lundúnum vegna fiskkaupa við firmað H. & W. og lætur hann þess getið í bréfi þessu, að ferma eigi fiskinn í e/s. »Spero« síðari hluta október eða fyrri hluta nóvember, en skipið eigi að sigla eins fljótt og kringumstæður leyfi. Þessi banki skrifar síðan banka í Lundúnum og biður um, að opnuð verði bankatrygging í þágu H. & W., en segir í bréfinu, að skipið eigi að sigla frá Íslandi »during the last days of this month or first 15 days of November«. Bankatryggingin er svo símuð hingað upp í samræmi við bréf þetta, og virðist það því vera misgáningi bankans að kenna, að í henni er burtfarardagur skipsins ákveðinn í síðasta lagi 15. nóv., þar sem bréf bankans er ekki í fullu samræmi við bréf umbjóðanda stefnanda, að því er snertir þetta atriði.

Nú hafa stefndir lagt fram bréf frá Landsbankanum hér í bænum til þeirra, dags. 10. nóv. 1927, og í bréfi þessu er tekið upp simskeyti frá bankanum í Lundúnum, er útbúinu á Eski-firði hafði borizt daginn áður, en í skeyti þessu stendur meðal annars: »Clausen sailing from Iceland during first 15 days November cancelled«.

Í málinu liggur fyrir afrit af yfirlýsingu hafnsögumannsins í Reykjavík um það, að e/s. »Spero«, er átti að taka fiskinn, sem mál þetta er risið af, hafi ekki komið til Reykjavíkur fyrir 7. nóv. og ekki byrjað að ferma fyrir en 10. s. m. og þá í Reykjavík og Vestmannaeyjum og hefir efni þessarar yfirlýsingar ekki verið mótmælt. En í samningnum frá 27. sept., er eins og fyrir er tekið fram, svo um samið, að bankatrygging sé opnuð áður en ferming byrjar, og þar sem umbjóðandi stefnanda virðist eftir því, sem fyrir liggur, hafa leiðrétt misfelli þá, er var á bankatryggingunni um burtfarardag skipsins, eins fljótt og honum var unnt, og leiðréttingin er símuð hingað til landsins daginn áður en ferming byrjar hér í bænum, getur rétturinn ekki annað séð en umbjóðandi stefnanda

hafi fullnægt samningnum af sinni hálfu. Verður því að fallast á það hjá stefnanda, að stefnt hlutafélag hafi að ástæðulausu rift samningnum og verði því að bæta umbjóðanda hans það tjón, er hann hefir beðið af riftingunni.

Stefndir hafa nú eindregið mótmælt skaðabótakröfum stefnanda sem of háum.

Í fyrsta lagi hafa þeir mótmælt því, að skaðabæturnar verði miðaðar við meiri þunga en 160 smálestir, og þar sem það er ekki tekið fram í margnefndum samningi, að svigrúmið í magni hins selda sé til tekið í þágu kaupanda, hefir seljandi átt völ á því að afhenda eftir geðþótta innan takmarka þess, og ber því að fallast á þessi mótmæli stefndu, og kemur þá aðalkrafa stefnanda ekki til greina.

Þá hafa stefndir einnig mótmælt því, að umbjóðandi stefnanda hafi misst af 4 sh. kaupmannshagnaði vegna samningsrofanna. Og rétturinn verður að lita svo á, að þar sem stefnandi hefir upplýst, að umbjóðandi hans hafi beinlinis keypt fisk í skarðið, hafi hann við sölu þess fiskjar borið kaupmannshagnaðinn úr bítum, og geti því krafa stefnanda um kaupmannshagnað ekki komið til greina.

Lítur rétturinn samkvæmt framansögðu svo á, að stefnandi geti ekki átt kröfu til hærri skaðabóta, en mismunarins á gangverði fiskjarins og umsömdu kaupverði á þeim tíma, er samningsrofin urðu, miðað við þann minnsta þunga, er stefndu félagi bar að skila.

En nú hefir stefnandi, eins og áður greinir, gjört kröfu til þess að fá í skaðabætur mismuninn á umsömdu kaupverði og verðinu á fiski þeim, er hann keypti af H/f. Copland vegna samningsrofanna, og með því að það sést greinilega af simskeytaafritum út af fiskkaupum þessum, er stefnandi hefir lagt fram, að nefnt hlutafélag hefir um það leyti, eða nokkru eftir að samningsrofin urðu, boðið umbjóðanda stefnanda fisk til kaups á miklu hærra verði, heldur en hann síðar keypti sama fiskinn, og þar sem stefndu hafa ekki haldið því fram, að hann hafi keypt óforsvaranlega eða gangverð fiskjar hafi á þeim tíma, er samningsrofin urðu, verið lægra en verð það, er umbjóðandi stefnanda í raun og veru greiddi fyrir hann, þykir réttinum verða að taka þessa kröfu stefnanda til greina.

Úrslit málsins verða því þau hér fyrir réttinum, að stefnt hlutafélag verður dæmt til þess að greiða varakröfuupphæð

stefnanda kr. 34221.75, að frádregnum 4 sh. af hverjum 50 kg. miðað við 160 smál. eða ísl. kr. 14176.00 = kr. 20045.75 ásamt vöxtum af þeirri upphæð, eins og krafizt hefir verið og málskostnað, er þykir eftir þessum úrslitum og öllum málavöxtum, hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Miðvikudaginn 15. jan. 1930.

Nr. 120/1929.

Valdstjórnin (Lárus Jóhannesson)
gegn

Ólafi Gottskálkssyni (Svb. Jónsson).

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en mál þetta verður dæmt í hæstarétti, ber rannsóknardómaranum,

1, að yfirheyra vitnin Gísla Sigurðsson og Erlend Jónsson, er voru í bifreið kærða og sjónarvottar að slysinu, og hafa um það gefið vottorð, er lögð hafa verið fyrir hæstarétt.

2, að afmarka á meðfylgjandi götuuppdrátt, er sækjandi málsins fyrir hæstarétti hefir útvegað, hvar séu hús Björns Sölvasonar, Bíóhúsið, Kjötbúðin og Norska Sjómannahéimilið, og gefa kærða tækifæri til að athuga uppdráttinn með afmörkuðum þessum stöðum.

3, að mæla fjarlægðina frá húsi Björns Sölvasonar að nyrðri húsalínunni við Aðalgötu og ennfremur breidd akbrautar Lækjargötu og Aðalgötu, hvorrar um sig, þar sem þær koma saman.

4, að yfirheyra kærða á ný að fengnum vitnaskýrslum Gísla Sigurðssonar og Erlendar Jónssonar og gefa honum einnig í réttinum tækifæri til að athuga skaðabótakröfu Jóhanns Þorfinnssonar.

Svo ber og rannsóknardómaranum að útvega aðrar